



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

**Mat ríkislögreglustjóra á
skipulagðri glæpastarfsemi
og hættu á hryðjuverkum**

2013

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	3
2. Glæpahópar	4
3. Breytingar á fíkniefnamarkaði	6
4. Amfetamín og skyld efni	8
5. Sterar – „fljótandi kokaín“	9
6. Mansal	11
7. Vélahjólagerði	16
8. Vopnaburður og ofbeldi	18
9. Tölvu- og netglæpir	19
10. Hryðjuverkaógn á Íslandi	22

1. Inngangur

Eitt af hlutverkum greiningardeildar ríkislögreglustjóra samkvæmt reglugerð nr. 404/2007 er að vinna stefnumiðaða greiningu (e. „strategic analysis“) varðandi ógn af skipulagðri glæpastarfsemi til lengri tíma. Jafnframt er deildinni ætlað að leggja mat á ógn af hryðjuverkum. Mat þetta ber að vinna á viðtækum grunni sem taki mið af þróun mála hérlandis og erlendis. Jafnframt er greiningardeild ætlað að segja til um líklega framtíðarþróun á þessum tilgreindu sviðum.

Fyrsta skýrsla þessarar gerðar var unnin fyrir árið 2008. Í þeirri skýrslu og þeim sem á eftir fóru var dregin upp heildarmynd af skipulagðri glæpastarfsemi á Íslandi. Við gerð þeirrar skýrslu sem á eftir fer hefur greiningardeild stuðst við tiltækar upplýsingar úr gagnabönkum lögreglu, erlendar upplýsingar og þá einkum frá Norðurlöndum og alþjóðlegum löggæslustofnunum og trúnaðarupplýsingar sem greiningardeild hefur aflað.

Að auki er að þessu sinni tekið mið af upplýsingum sem greiningardeild aflaði vorið 2013 með trúnaðarsamtölum við aðila sem tengst hafa skipulagðri glæpastarfsemi á Íslandi. Þau samtöl þóttu gagnleg og fallin til að bregða nokkru ljósi á stöðu mála.

Megináherslan er lögð á að greina þróun og breytingar sem orðið hafa. Að öðru leyti er vísað til fyrri reglubundinna skýrslna greiningardeildar um skipulagða glæpastarfsemi og annarra þeirra sem ástæða hefur þótt til að vinna.

Í skýrslu ársins 2012 var að finna umfjöllun um svokölluð „hvítflibbabrot“ og skipulagða glæpastarfsemi með tilliti til rannsókna embættis sérstaks saksóknara. Vísað er til þeirrar umfjöllunar.

Seinni hluti hluti skýrslunnar hefur að geyma umfjöllun um mögulega hryðjuverkaógn á Íslandi og áhættumat.

Markmiðið með gerð skýrslunnar er nú sem fyrr að upplýsa almenning og ráðamenn um stöðu mála á þessum tilgreindu sviðum.

Lokið var við gerð skýrslunnar í júlímánuði 2013.

2. Glæpahópar

Ísland fullgilti Palermó-samninginn gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi í maímánuði 2010 og mansalsbókun við samninginn í júní það ár. Ísland gerðist aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu 1. mars 2010.

Í grein 175 a. almennra hegningarlaga segir: „Sá er sammælist við annan mann um að fremja verknað sem varðar að minnsta kosti 4 ára fangelsi og framkvæmd hans er liður í starfsemi skipulagðra brotasamtaka skal sæta fangelsi allt að fjórum árum, nema brot hans varði þyngri refsingu samkvæmt öðrum ákvæðum laga þessara eða öðrum lögum.

Með skipulögðum brotasamtökum er átt við félagsskap þriggja eða fleiri manna sem hefur það að meginmarkmiði, beint eða óbeint í ávinningsskyni, að fremja með skipulegum hætti refsiverðan verknað sem varðar að minnsta kosti 4 ára fangelsi, eða þegar verulegur þáttur í starfseminni felst í því að fremja slíkan verknað.“

Enginn vafi er á því að á Íslandi starfa hópar sem falla undir þessa lýsingu laga á skipulögðum brotasamtökum. Á seinni árum hefur athygli samfélagsins mjög beinst að vaxandi ítökum erlendra glæpahópa hér á landi. Með hugtakinu „erlendir hópar“ er átt við þá hópa afbrotamanna sem rætur eiga að rekja til erlendra ríkja, þó svo viðkomandi kunni í einhverjum tilvikum að vera íslenskir ríkisborgarar, og hafa oftast en ekki sambönd við skipulagða glæpahópa, „mafiur“, í upprunalandinu.

Tiltækar upplýsingar benda til þess að erlendir hópar séu um flest skipulagaðri en þeir sem innlendir teljast. Starfsemin sé síður háð tilviljunum og að meiri „atvinnumenska“ einkenni hana t.a.m. hvað verkaskiptingu varðar. Þekkt er að einstaklingum innan þessara hópa sé „skipt út“ og enginn efi er á því að hingað til lands hafa beinlínis verið fluttir menn til að fremja afbrot. Alhæfingar í þessa veru eru þó varasamar, lífið í undirheimum er kvíkt og um margt ófyrirsjáanlegt. „Samstarfsfletir“ eru margvíslegir og bandalög myndast og tvístrast á víxl.

Þótt fyrirbyggjandi upplýsingar bendi til þess að erlendir hópar á Íslandi sinni einkum fíkniefnasmygli, -framleiðslu og -dreifingu er ljóst að þessir aðilar eru tilbúnir að láta til sín taka á flestum sviðum afbrota. Þekkt er að erlendir hópar stundi skipulögð rán og gripdeildir. Í eina mansalsmálinu sem dæmt hefur verið í hér á landi voru erlendir glæpamenn á ferð. Þá liggja fyrir sterkar grunsemdir þess efnis að hópar þessir komi að fjárkúgunum og hótunum innan samfélaga útlendinga hér á landi. Þetta á einkum við um hópa sem rætur eiga að rekja til ríkja í Mið- og Austur-Evrópu og þá sérstaklega - en ekki einvörðungu - Póllands og Litháen.

Greiningardeild telur ástæðu til að ætla að hópar þessir muni frekar en hitt eflast á næstu árum. Staða þeirra á fíkniefnamarkaði er sterk, sambönd við framleiðendur og birgja erlendis traust og geta og kunnátta til að sinna íslenska markaðinum er til staðar. Hóparnir eru færir um að ýmist smygla sterkum fíkniefnum inn í landið eða framleiða þau hér úr forefnum sem flutt eru til landsins. Þeir virðast eiga í litlum erfðileikum með að afla „burðardýra“. Hópar þessir eru því almennt síður háðir því að komast yfir gjaldeyri en þeir sem eingöngu sinna innflutningi á tilbúnum efnum erlendis frá. Þetta ásamt stöðugu tekjustreymi tryggir sterka stöðu á markaði.

Með nokkurri einföldun má segja að innlendir afbrotahópar greini sig frá þeim erlendu að því marki að samstarf þeirra sem að koma er almennt og yfirleitt heldur tilviljanakenndara fyrirbrigði en við á um hópa sem rætur eiga að rekja til erlendra ríkja. Þessi lýsing er þó engan veginn algild. Vitað er að tilteknir íslenskir aðilar eiga og hafa um árabil átt samstarf á sviði fíkniefnainnflutnings og -dreifingar. Hvað innflutning varðar á þetta í seinni tíð einkum við um örvandi efni og stera. Þessi hópur manna er ekki stór og innan hans er að finna einstaklinga sem velt hafa miklum fjármunum í gegnum tíðina.

Almennt er þó samstarf á þessum vettvangi „lausara í reipunum“ hvað íslensku hópana varðar. Menn vinna saman þegar henta þykir og eru tilbúnir til að sameinast um ákveðin „verkefni“ t.a.m. tiltekna fíkniefnasendingu. Í þessum efnum sem öðrum sæta menn færiss og grípa þau tækifæri sem gefast.

Ekki verður í efa dregið að íslenskir afbrotamenn hafa á síðustu árum látið til sín taka af vaxandi þunga á vettvangi alþjóðlegra fíkniefnaviðskipta. Alþekkt mál á erlendri grund sem skýrt hefur

verið frá í fjölmiðlum eru þessu til vitnis. Nú situr um tugur Íslendinga í fangelsum í Evrópu, flestir í Danmörku, fyrir umfangsmikið fíkniefnasmygl. Ljóst er að íslenskir glæpamenn hafa í nokkrum tilvikum komist í viðskiptasamband við stórtæka fíkniefnaheildsala erlendis, einkum í Rómönsku-Ameríku og nokkrum ríkjum Evrópu. Nokkrir þessara íslensku glæpamanna halda til erlendis og skipuleggja, eftir því sem heimildir herma, fíkniefnasendingar heimsálfa og landa á milli. Ísland er ekki nauðsynlega helsta „athafnasvæði“ þessara manna.

Þessir aðilar hafa aðgang að eins konar „uppboðsmarkaði“ á fíkniefnum ytra. Þetta fyrirkomulag hefur m.a. í för með sér að ákveðnir aðilar hér á landi sameinast, oft með litlum fyrirvara, um tiltekið „verkefni“ þ.e. tiltekna fíkniefnasendingu en eiga ekki nauðsynlega í stöðugu samstarfi á þessum vettvangi þótt leiðir viðkomandi kunni oft að hafa legið saman. Tekið skal fram að þessi lýsing er engan veginn algild; fíkniefnasmygl til landsins fer fram með ýmsum hætti en ofangreindar upplýsingar eiga við um margar stærri sendingar sem til landsins berast. Skipulagningin, einkum hvað fjáröflun, kaup og innflutning varðar, er því iðulega nokkuð tilviljanakennd þótt oftar en ekki séu sömu aðilar á ferð erlendis þ.e. þeir sem hafa traustan aðgang að fíkniefnaheildsölum. Þetta hefur einnig í för með sér að persónuleg tengsl, sveigjanleiki og tækifærismennska setja mark sitt á íslenska fíkniefnaefnaheiminn sem vitanlega er örsmár í samanburði við það sem þekkist hjá yfirgnæfandi meirihluta þjóða heims.

Markaðurinn á Íslandi er að sönnu smár en hann er ábatasamur. Svo lengi sem eftirspurnin er til staðar verða fíkniefni framleidd hér eða flutt til landsins. Nýir menn fylla þau skörð sem myndast.

3. Breytingar á fíkniefnamarkaði

Á árunum fyrir hrun íslenska fjármálakerfisins haustið 2008, var veruleg eftirspurn eftir dýrari fíkniefnum á borð við kókaín. Verðið var þá sem áður hátt en áhætta var talin ásættanleg að því marki að auðvelt var að koma efnum í verð, þynna þau út og þar með ná fram miklum hagnaði. Slíkum efnum er enn smyglað til landsins en upplýsingar greiningardeildar eru á þann veg að innflutningurinn hafi minnkað í takt við breytta eftirspurn sem fyrst og fremst sé komin til vegna minni fjárráða neytenda.

Hrun fjármálakerfisins og sú djúpa efnahagslægd sem af því hefur hlotist setur mjög mark sitt á fíkniefnaheiminn. Ekki er þó unnt að rekja allar breytingar til efnahagshrunsins heldur er einnig um að ræða alþjóðlega þróun.

Vísast er stærsta breytingin sú að íslenski kannabis-markaðurinn er nú sjálfum sér nógur, samkvæmt upplýsingum greiningardeildar. Nokkur atriði eru mótandi í þessu efni. Mestu varðar að menn hér á landi hafa náð góðum tókum á kannabis-ræktun og geta nú framleitt sterkt efni sem spurn er eftir. Sömu þróunar hefur orðið vart víða í Evrópu á undanliðnum árum og verður breytingin því tæpast rakin beint til efnahagsörðugleika þeirra sem Íslendingar eiga við að glíma.

Aðrir þættir eru augljóslega mótandi að einhverju leyti. Á tímum gjaldeyrishafta og nægrar heimaframleiðslu sjá innflytjendur lítinn sem engan hag í því að flyja inn kannabis – „viturlegra“ þykir að verja þeim gjaldeyri sem menn komast yfir til kaupa á öðrum eignum.

Loks er þess að geta að spurn eftir kannabisi hefur farið vaxandi hér á landi á síðustu árum. Ljóst er að „tískusveiflur“ ganga yfir á þessum markaði sem öðrum. Áhrifaþáttur kann og að vera minnkandi áhugi á hassi sem þykir samkvæmt upplýsingum greiningardeildar heldur „púkalegur“ og „sóðalegur“ vímugjafi. Með „sóðaskap“ er vísað til þess hvernig hass er útbúið áður en þess er neytt. Samkvæmt upplýsingum greiningardeildar er innflutningur á hassi lítill nú um stundir.

Nokkrir aðilar standa fyrir umtalsverðri kannabis-framleiðslu hér á landi. Þekkt nöfn eru þar nefnd til sögu. Þessir menn fá oftast en ekki aðra til sinna ræktuninni og hafa af henni verulegar tekjur ef marka má tiltækar upplýsingar. Almennir virðist þróunin í þá átt að fjölga ræktunum en minnka umfang hvernar. Þar með minnkar áhætta hvað verðmæti sjálfrar framleiðslunnar varðar en eykst jafnframt á þann veg að fleiri einstaklingar koma þar nærri. Aukinn fjöldi þátttakenda eykur áhættu í fíkiniefnaframleiðslu og -viðskiptum. Á hinn bóginn telja stórtækir aðilar á markaði að þeir þurfi ekki að óttast refsingu ef þeir standa „skynsamlega“ að málum og vísar sú lýsing fyrst og fremst til skipulegrar og þaulhugsaðrar viðleitni til að minnka áhættu. Reyndir menn á þessu sviði halda spilum þétt að sér og treysti í raun engum. Þannig leggja heildsalar áherslu á að koma sér upp fáum en traustum viðskiptavinum neðar í keðjunni. Þetta á ekki síst við um innflutning og sölu á amfetamíni.

Ofbeldi hefur löngum fylgt fíkniefnaviðskiptum á Íslandi sem annars staðar. Neyslan hefur á sér fleiri skuggahliðar og ein þeirra lýtur að kynferðislegri misnotkun á stúlkum sem leiðst hafa út í neyslu fíkniefna. Hér er að sönnu ekki um nýtt og áður óþekkt fyrirbrigði að ræða. Hins vegar benda heimildir greiningardeildar til þess að slík misnotkun sé algeng og viðtekin; menn sem hafa árum og jafnvel áratugum saman tengst íslenskum undirheimum fyllast viðbjóði er þeir lýsa þessum veruleika.

4. Amfetamín og skyld efni

Á síðustu árum hefur innflutningur og framleiðsla á amfetamíni og skyldum örvandi efnum aukist hér á landi. Um það vitnar ágætur árangur lögreglu og tollgæslu sem með nokkuð reglubundnum hætti koma í veg fyrir innflutning á efnum til amfetamíngerðar. Aukin áhersla á heimaframleiðslu kemur einkum til vegna aðkomu erlendra einstaklinga og hópa að íslenska markaðinum. Í Póllandi og Litháen er traust hefð fyrir slíkri framleiðslu og þarlendir menn hafa náð á henni góðum tókum. Engum blöðum er um að fletta að hér á landi halda til glæpamenn frá þessum tveimur ríkjum sem hafa traust sambönd við aðila í upprunalöndunum og eru, í einhverjum tilvikum hið minnsta, eins konar „fulltrúar“ þeirra á Íslandi. Varast ber þó að hrapa að þeirri ályktun að erlendir ríkisborgarar eða fólk sem á rætur að rekja til Póllands eða Litháens séu ráðandi á íslenska markaðinum. Margvísleg samvinna á sér þar stað.

Innflutningur á efnum til slíkrar framleiðslu hefur þann „kost“ í augum þeirra sem að honum standa að slíku fylgir í senn minni áhætta og minni fjárútlát. Fjölgun tilvika þar sem lagt er hald á efni til framleiðslu amfetamíns má því hafa til marks um traust tengsl viðkomandi við aðila erlendis sem leggja til efnin og aukna atvinnumennsku á þessu sviði.

Þrátt fyrir að lögreglu og tollgæslu hafi á undanliðnum mánuðum tekist að stöðva mjög stórar amfetamínsendingar til Íslands eru upplýsingar greiningardeildar á þann veg að framboð sé nægt og stöðugt á þessum markaði. Ljóst er að íslenski amfetamín-markaðurinn veltir miklum fjárhæðum á ári hverju. Eftirspurn er sögð mikil og viðvarandi. Sagt er að „allt seljist á Íslandi“ og ljóst er að í mörgum tilvikum eru efnin verulega útpynnt þegar þau berast niður á smásölustigið.

Upplýsingar greiningardeildar eru á þann veg að erlendir hópar séu umsvifamiklir á íslenska amfetamín-markaðinum. Einkum – en ekki einvörðungu – er um að ræða hópa frá Litháen og

Póllandi sem láta til sín taka á sviði amfetamínframleiðslu og -sölu. Eftir því sem heimildir herma fer hluti framleiðslunnar í að anna eftirspurn í röðum samlanda viðkomandi sem búsettir eru á Íslandi. Enn er því svo farið að sala utan þessara hópa er einkum í höndum íslenskra ríkisborgara. Samvinna á því sviði fer, eftir því sem næst verður komist, vaxandi.

Greiningardeild ríkislögreglustjóra hefur á síðustu árum varað við þeirri líklegu þróun að aukinnar samvinnu verði vart með íslenskum og erlendum glæpahópum. Slík samvinna kann að eiga sér margvíslegar birtingarmyndir m.a. þá að samkomulag ríki um tiltekna skiptingu á fíkniefnamarkaði. Jafnframt er ljóst að tilkoma erlendu hópanna hefur orðið til þess að auka spennu í íslenskum undirheimum líkt og jafnan gerist þegar nýir aðilar láta til sín taka á markaði. Erlendu hóparnir eru alla jafna skipulagðari og erfitt þykir að keppa við „svo stóra aðila“ á markaði. Spurn eftir sterkum örvandi efnum telst mikil og viðvarandi.

5. Sterar – „fljótandi kokaín“

Samkvæmt afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra frá í mars lagði lögregla og tollgæsla hald á meira magn af anabolískum sterum á þremur fyrstu mánuðum ársins 2013 en síðustu þrjú ár samanlagt. Tekið skal fram að þessi tala á við um „magn stera í stykkjatali“ eða alls tæplega 62.000 stykki. Fyrirliggjandi tölfræði bendir einnig til aukningar hvað varðar magn í fljótandi formi og duftformi borið saman við árin þrjú á undan.

Sú mikla aukning sem tölfræði þessi leiðir í ljós þarf ekki nauðsynlega að þýða að steranotkun fari vaxandi. Aukningin kann t.a.m. að vera til vitnis um bætta árangur lögreglu og tollgæslu auk þess sem jafnan er hugsanlegt á svo smáum markaði sem hinum íslenska að eitt risamál sem tekst að upplýsa rekist á öll fyrri viðmið og tölfræði. Fá mál og ofuráhersla á tölfræði geta auðveldlega fengið menn til að hrapa að röngum ályktunum. Það á við um stykkinn 62.000; lagt var hald á stærstan hluta þeirra í einu máli sem upp kom á Keflavíkurflugvelli.

Allar tiltækar upplýsingar greiningardeildar eru á þann veg að steranotkun fari vaxandi á Íslandi. Sterum er líkt við „fljótandi kokaín“ og algengar eru ranghugmyndir um afleiðingar neyslu þeirra. Þeir sem til þekkja kveða sterkt að orði þegar þessum veruleika er lýst og þeim áhrifum á líf og líkama sem langvarandi steranotkun getur haft í för með sér.

Í þessu efni er vert að hafa tvennt í huga. Í fyrsta lagi er sala á sterum ábatasöm iðja þótt veltan sé að sönnu mun minni en þegar um er að ræða fíkniefni á borð við amfetamín og kókaín. Í öðru lagi fylgir því minni áhætta að leggja upp í smygl á sterum en að skipuleggja innflutning á skilgreindum fíkniefnum til landsins. Kemur það til sökuðum þess að innflutningur á sterum varðar við lyfjalög og eru viðurlög allt önnur og vægari en þegar menn eru staðnir að brotum gegn ákvæðum ávana- og fíkniefnalaga.

Steranotkun tengist fjölmörgum fyrirbrigðum í þjóðlífinu sem falla með réttu utan ramma laga. Það á við um fyrirmyndir og margt annað sem lýtur að verðmætamati, sjálfsvirðingu og lífssýn einstaklingsins. Á hinn bóginn er steranotkun þjóðfélagsmein þegar horft er til þess hrikalega skaða sem hún getur valdið; margvíslegum geðtruflunum, alvarlegu líkamstjóni og dauða. Þá fylgir aukin árásargirni iðulega notkun stera og neytendur geta verið hættulegir öðru fólki. Svonefndar „tilefnislausar líkamsárásir“ má án vafa í mörgum tilvikum rekja til steranotkunar.

Steravandinn er ekki nýtt fyrirbrigði hér á landi. Þekkt er að ungir karlar eru stærsti neytendahópurinn. Sú hættu er því fyrir hendi að hér sé á ferð heilbrigðisvandi sem ekki sé að fullu „kominn upp á yfirborðið“. Líklegt má telja að umræða um steranotkun og viðbrögð við aukinni neyslu verði fyrirferðarmeiri hér á landi á næstu misserum en áður hefur verið.

Önnur tilbúin fíkniefni

Hið sama kann að eiga við um ný fíkniefni, sem framleidd eru í verksmiðjum í Suðaustur-Asíu og seld víða um lönd. Efni þessi nefnast á ensku „legal highs“ en líkjast t.a.m. kannabisi og ecstasy hvað vímu varðar. Áhrif þessara efna hafa ekki verið rannsökuð nægilega og ástæða er til að ætla að þau geti verið stórhættuleg heilsu manna en neytendur eru einkum ungt fólk. Mjög ber nú á slíkum efnum í Bandaríkjunum þar sem um 11% ungmenna á aldrinum 17-18 ára kveðast hafa neytt þeirra. Neyslan er minni í Evrópu en teikn eru á lofti um að hún fari vaxandi. Efnin eru gjarnan markaðssett á þann veg að þau séu lögleg og engin áhætta fylgi notkun þeirra.

Efni þessi eru tilbúin („syntetísk“) og í mörgum tilvikum strangt til tekið ekki ólögleg þar sem þau fyrirfinnast ekki á lyfjaskrá. Í þeim tilvikum sem þau eru skráð ólögleg geta efnafræðingar auðveldlega breytt samsetningunni og þannig framleitt ný efni sem eru frábrugðin þeim sem skráð hafa verið. Tilkoma þessara efna og ört vaxandi markaðshlutdeild er áhyggjuefni líkt og fram

kemur í nýrri ársskýrslu Sameinuðu þjóðanna um fíkniefnaneyslu í heiminum (UN's Annual Drug Report/World Drug Report 2013). Þar er því haldið fram að tilkoma þessara nýju fíkniefna feli í sér mikla áskorun fyrir hið alþjóðlega eftirlitskerfi á sviði fíkniefnavarna.

6. Mansal

Á vegum Sameinuðu þjóðanna er skipulega unnið að gagnasöfnun um mansal. Skrifstofa Sameinuðu þjóðanna á sviði fíkniefna- og glæparannsókna (United Nations Office on Drugs and Crime, UNODOC) gefur á tveggja ára fresti út skýrslu um efnið. Í skýrslu stofnunarinnar frá 2012 segir að heildarmyndin hafi skýrst á liðnum árum þótt að sönnu skorti víða á að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir.

Samkvæmt skýrslunni eru konur fórnarlömb mansals í 55 til 60% tilvika. Tölur þessar taka til áranna 2007-2010 og gefa til kynna að þetta hlutfall fari lækkandi þar eð eldri skýrslur geymdu upplýsingar þess efnis að tvö af hverjum þremur fórnarlömbum mansals væru konur. Á hinn bóginn hefur ungum stúlkum fjölgað sem fórnarlömbum mansals. Í Evrópu eru um 84% fórnarlambanna fullorðin fólk en 16% börn. Víða er þessu á annan veg farið. Þannig eru um 68% fórnarlamba í Afríku og Mið-Austurlöndum börn en 32% fullorðin.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að nokkuð algengt er að konur komi að skipulagningu mansals og á það ekki síst við í þeim tilvikum þar sem ungar stúlkur eru fórnarlömbin. Í Austur-Evrópu og Mið-Asíu eru konur í miklum meirihluta þeirra sem hljóta dóma vegna mansals. Rúmlega þrír af hverjum fjórum dæmdum brotamönnum á þessu sviði eru konur. Hér er vert að geta þess að algengt er að konur sinni ýmsum hlutverkum „neðar í virðingarstiganum“ þegar kemur að mansali á vegum glæpahópa. Líkur á því að lögregla hafi hendur í hári þeirra kunna því að vera meiri en í tilfelli karlanna sem iðulega stjórna hópum þessum.

Í Evrópu (og Mið-Asíu) sættu 62% fórnarlamba mansals kynferðislegri misneytingu á árunum 2007-2010. Rétt rúm 30% voru fórnarlömb vinnumansals/þrælahalds.

Athygli vekur að mansal fer í umtalsverðum fjölda tilvika fram innan tiltekins svæðis (e. intraregional). Þetta er talið eiga við um helming tilvika. Með þessu er átt við að viðkomandi einstaklingur er fluttur mansali á milli landa innan sama hnattsvæðis. Í um 75% tilvika mansals er

fórnarlambið ýmist flutt stutta eða meðallanga vegalengd. Þetta er talið minnka áhættu þeirra sem að mansalinu standa.

Mansal nýtur vaxandi athygli á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Ban Ki-Moon, framkvæmdastjóri samtakanna, ítrekaði í maímánuði 2013 nauðsyn þess að ríki heims sameinist um varnir og viðbrögð gagnvart þessari ógn; nútíma þrælahaldi þar sem milljónir fórnarlamba skapa glæpahópum mikla fjármuni sem nýttir eru til að fjármagna fíkniefnaviðskipti, spillingu og annars konar afbrot.

Mansal á Íslandi

Nokkur umræða hefur spunnist á undanliðnum misserum um umfang mansals og vændis á Íslandi. Á síðustu árum hefur verið unnið markvisst að því að efla vitund starfsfólks lögreglu um mansal og hin ýmsu birtingarform þess. Ríkislögreglustjóri gaf út ítarlegar upplýsingar um mansal og verklagsleiðbeiningar fyrir lögreglu í júlímánuði 2010. Þáverandi dómsmála- og mannréttindaráðherra skipaði haustið 2009 sérfræði- og samhæfingarteymi vegna mansals.

Í júnímánuði 2010 voru fimm litháískir glæpamenn dæmdir í fangelsi fyrir mansal (Mansals-málið – mál 008-2009-11320). Þetta er eini dómurinn sem fallið hefur hér á landi vegna mansals. Í tengslum við mál þetta komu fram vísbendingar þess efnis að litháískir glæpamenn stunduðu fjárkúgun sem beindist gegn samlöndum viðkomandi sem þeir hefðu aðstoðað við að komast til Íslands. Grunsemdir þessar tókst ekki að sanna. Slík mál gætu fallið undir mansal - í einhverjum tilvikum, hið minnsta.

Enginn vafi leikur á því að erlendir glæpahópar hafa náð að skjóta rótum hér á landi. Um þessa staðreynd vitna m.a. dómar yfir erlendum brotamönnum, rannsóknir lögreglunnar og skýrslur greiningardeildar ríkislögreglustjóra. Reynslan erlendis frá kennir að slíkir hópar koma oftar en ekki að öllum birtingarmyndum skipulagðrar glæpastarfsemi. Í því efni er vert að hafa í huga að mansal er talið eitt ábatasamasta form skipulagðrar glæpastarfsemi og það sem felur í sér hvað minnsta áhættu.

Jafnframt liggur fyrir að þessi málaflokkur er sérlega erfiður og krefjandi hvað rannsóknir varðar ekki síst sökum þess að alþekkt er að fórnarlambið neiti að viðurkenna eigin stöðu eða geri sér ekki grein fyrir henni. Fórnarlömb mansals sæta iðulega ofbeldi, hótunum og margvíslegri

misneytingu en þekkt er að viðkomandi telji stöðu sína engu að síður skárri en þau kjör sem þau áður nutu.

Möguleg áhætta hvað mansal varðar er þó engan veginn bundin við erlenda glæpahópa á Íslandi. Sú hætta er og fyrir hendi að aðilar hér á landi, innlendir sem erlendir, freisti þess að nýta sér bága stöðu þeirra sem hælisleita. Fólk í þeirri stöðu er í ákveðinni hættu hvað varðar hvers kyns misneytingu t.a.m. á sviði vinnumansals eða kynlífsþrælkunar.

Mikil fjölgun hælisleitenda hér á landi er áhættuþáttur sem ekki fær næga athygli. Fram hefur komið að í sumum tilvikum hafa viðkomandi hælisleitendur notið aðstoðar fólks sem heldur til hér á landi í lengri eða skemmri tíma (e. facilitators). Við það kann að skapast fjárhagsleg skuldbinding gagnvart þeim sem aðstoðina veitti hér og jafnvel einnig gagnvart aðilum erlendis. Þekkt er erlendis frá að slíkar skuldbindingar hafa iðulega í för með sér misneytingu af ýmsu tagi og ógnir gagnvart hælisleitanda og jafnvel ættingjum viðkomandi í heimalandinu.

Skilríkjafölsun er nú háþróaður iðnaður og tæpast verður séð annað en einungis sé á færi fjársterkra aðila að standa að henni. Koma hælisleitenda hingað til lands með fölsuð skilríki kann því í einhverjum tilvikum að tengjast skipulagðri glæpastarfsemi beint eða óbeint.

Nokkrir þættir valda einkum mikilli fjölgun hælisleitenda. Að hluta til er fjölgunin birtingarmynd alþjóðlegrar þróunar og efnahagskreppu í Evrópu. Strangari reglur hvað varðar hælisumsóknir í nágrannaríkjum og tilslakanir stjórnvalda hér á landi m.a. hvað varðar viðbrögð með tilvísun til Dyflinnar-reglugerðarinnar kunna að auka „þrýstinginn“ hér á landi þ.e.a.s. beinlínis geta af sér aukinn straum hælisleitenda. Langur málsmeðferðartími sem að hluta til, hið minnsta, kemur til vegna fjölgunar hælisumsókna kann að toga hingað til lands fólk sem ekki hefur raunverulega þörf fyrir vernd og hæli sem flóttamenn.

Ljóst er að stóraukinn fjöldi hælisleitenda eykur áhættu að því marki að líkur eru á því að einhver hluti þessa fólks hafi tengst skipulagðri glæpastarfsemi áður en það kom til Íslands. Þetta kann að eiga við aðstoð eða milligöngu, t.a.m. loforð um starf á Íslandi, útvegum falsaðra skilríkja, önnur fjárútlát, auk, mögulega, skuldbindinga af hálfu ættmenna í upprunalandinu gagnvart þeim sem aðstoðina/milligönguna veittu.

Mikill fjöldi gegnumferðarfarþega fer um Keflavíkurflugvöll. Raunhæft er að ætla að í einhverjum tilvikum séu þar á ferð fórnarlömb mansals eða fólk sem smyglað er milli landa. Tengdur þessu er grunur þess efnis að í einhverjum tilvikum séu „burðardýr“, sem nýtt eru til að flytja fíkniefni til landsins, fórnarlömb mansals.

Efnahagsörðugleikar suður í álfa verða ekki til að draga úr áhættu á þessu sviði um fyrirsjáanlega framtíð. Að öllu óbreyttu teljast líkur á að hælisumsóknum muni enn fjölga hér á landi. Þá má ætla að fleiri erlendir ríkisborgarar haldi til Íslands í leit að vinnu og bættum lífskjörum. Þetta mun skapa „þrýsting“ á ýmsum sviðum.

Sá „þrýstingur“ verður því miður ekki bundinn við heiðvirt fólk í leit að betri kjörum. Sú hættu er til staðar að hingað til lands leiti aukinn fjöldi erlendra glæpamanna. Í þessu tilliti vekja varnaðarorð norsku rannsóknarlögreglunnar (Kripos) sérstaka athygli. Í aprílmánuði 2013 hafði norska *Dagbladet* eftir einum af stjórnendum Kripos að lögreglan hefði áhyggjur af vaxandi ásælni erlendra glæpamanna í Noregi. Sagði viðkomandi að í hugum glæpamanna væri Noregur „hunangskrukka“.

Í fyrrnefndu viðtali tekur yfirmaður þessi sérstaklega fram að norska lögreglan þurfi að bæta getu sína hvað varðar að greina fórnarlömb mansals. Segir hann það ekki síst eiga við um börn. Skipulögð glæpastarfsemi yfir landamæri og mansal feli í sér vaxandi samfélagsógn. „Við óttumst að ástandið muni fara stigversnandi og við lítum þá ógn sem af glæpamönnum stafar alvarlegum augum,“ segir viðmælandi *Dagbladet*.

Að sönnu verður sterk efnahagsstaða Norðmanna seint borin saman við núverandi stöðu Íslendinga. En á hitt ber þá að líta að hér á landi er atvinnuleysi lítið borið saman við flest Evrópuríki, lífskjör standast prýðilega samanburð við ríkin í álfunni sunnan- og austanverðri og rekið er víðtækt velferðarkerfi sem auðvelt er að fá aðgang að og telja má „rausnarlegt“ í samanburði við þau sem hælisleitendur þekkja. Misnotkun á þeirri samfélagslegu aðstoð sem haldið er uppi hér á landi getur tekið á sig mynd skipulagðrar glæpastarfsemi. Mansal tengt bótasvikum er þekktur vandi víða í Evrópu.

Eldri upplýsingar eru fyrir hendi um að útlendingar, einkum aðflutt verkafólk hér á landi, sæti í einhverjum tilvikum fjárkúgunum af hendi samlanda sinna. Ástæða er til að ætla að í einhverjum

tilvikum sé viðkomandi gert að greiða gjald fyrir að hafa fengið vinnu. Í skýrslu greiningardeildar frá 2011 var vakin athygli á því lögreglu hefðu borist upplýsingar um að erlendir ríkisborgarar sem þæðu bætur úr velferðarkerfinu væru neyddir til að láta fé af hendi strax eftir að hafa fengið slíkar greiðslur. Í þeim tilvikum báru erlendir aðilar ábyrgð á þeirri fjárkúgun. Greiningardeild býr ekki yfir frekari upplýsingum hvað þetta varðar.

Í nýrri skýrslu norska ríkislögreglustjórans, *Politidirektoratets omverdensanalyse*, segir að aukin hætta sé á því að erlendir glæpamenn, einir eða í samstarfi við norska, nýti sér velmegunina í Noregi. Kripos vekur sérstaka athygli á auknum áhuga glæpahópa frá Litháen, Póllandi og Rúmeníu á að hasla sér völl í Noregi. Kripos telur að umsvif litháískra glæpahópa hafi í för með sér „umtalsverða ógn“ gagnvart norsku samfélagi. Hópar þessir koma m.a. að mansali.

Íslensku lögreglunni hefur reynst heilladrjúgt að fylgjast grannt með þróun mála í Noregi. Reynslan kennir að þróun hér á landi, hvað skipulagða glæpastarfsemi varðar, hefur um margt verið áþekk því sem Norðmenn hafa fengið að reyna. Því þykir við hæfi að koma mati norsku lögreglunnar á þeirri ógn sem af erlendum glæpamönnum stafar á framfæri í skýrslu þessari. Með því er ekki fullyrt að Íslendingar standi frammi fyrir sambærilegri ógn og Norðmenn. Á hinn bóginn er reynslan sú að hér á landi hafi þróunin tilhneigingu til að vera áþekk - en glæpastarfsemin að sönnu minni að umfangi.

Rannsóknir Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu haustið og veturinn 2012 leiddu ekki í ljós að mansal færi fram í umdæminu. Hið sama er að segja um þær rannsóknir sem Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur lagst í vegna vændis. Í um 100 málum sem til skoðunar hafa verið hafa ekki komið fram vísbendingar um að vændiskonur sem hér starfa séu fórnarlömb mansals.

Hins vegar er ljóst að grunur leikur á að mansal kunni að fara fram hér á landi. Á það einkum við um höfuðborgarsvæðið og Suðurnes.

Vinnumálastofnun hefur á undanliðnum árum einungis komið að örfáum málum þar sem grunur um hugsanlegt mansal hefur vaknað. Mat stofnunarinnar er að þekkingarskortur og reynsluleysi þeirra „lykilaðila“ sem málið ætti að varða skapi hér nokkurn vanda. Stofnunin telur þörf á „vakningu“ í málaflokknum.

Tiltækar upplýsingar gera greiningardeild ekki fært að leggja mat á mansal og mögulegt umfang þess hér á landi. Sökum skorts á upplýsingum telst áhættustigið óþekkt.

7. Vélahjólagering

Íslenska lögreglan hefur náð eftirtektafverðum árangri í baráttu við þau vélahjólagering útlaga (e. „Outlaw Motorcycle Club/Gang“ eða „1% MC“) sem tengjast skipulagðri glæpastarfsemi. Á undanliðnum misserum hefur verið lögð þung áhersla á að bregðast við fjölgun slíkra gengja og vaxandi umsvifum m.a. með auknum fjárveitingum.

Hér kann að vera gagnlegt að horfa út fyrir landsteinana enda tala tölur sínu máli. Árið 1997 voru starfandi í Noregi þrjár deildir innan vébanda Hells Angels-samtakanna og sami fjöldi deilda hafði verið myndaður undir merkjum svonefndra „Bandidos“. Í desembermánuði árið 2008 voru starfandi í landinu sjö Hells Angels-klúbbar, fimm Bandidos-deildir, sex klúbbar undir merkjum „Outlaws“ og þrír sem fóru um undir merkjum „Coffin Cheaters“. Í desember 2012 voru starfandi í Noregi átta Hells Angels-deildir, sjö Bandidos-deildir (auk deildar sem taldist hafa stöðu umsækjenda eða „prospekt“), tíu Outlaws-klúbbar og fjórar deildir Coffin Cheaters auk „prospekt-klúbbs“. Að auki hafa ein fimm önnur alþjóðleg samtök vélahjólageringa sýnt tilburði á síðustu tveimur árum eða svo til að koma upp deildum í Noregi.

Sömu þróunar hefur orðið vart suður í álfu. Frá 2005 til 2012 fjölgaði Hells Angels-deildum í Evrópu úr 120 í 217. Á einungis tveimur árum, 2010 – 2012, voru stofnaðar 67 nýjar Hells Angels-deildir þar af 21 í Austur-Evrópu, 13 í Þýskalandi og átta í Hollandi.

Á árunum 2006 til 2012 fjölgaði Bandidos-klúbbum í álfunni um nærri því 100%. Árið 2006 voru þeir 72 en 137 deildir voru starfandi 2012. Á sama árabili fjölgaði klúbbum undir merkjum Outlaws úr 107 í 145.

Önnur þekkt útlagagering hafa einnig aukið umsvif sín í Evrópu á síðustu árum eða sýnt viðleitni í þá veru. Það gildir um gengi á borð við Mongols, Gremium, Vagos, Rebels, Rock Machine, Saturdarah Maluku og Comanchero. Þessi samtök eru öll umsvifamikil á alþjóðavettvangi og hafa frá 30 til 150 klúbba innan sinna vébanda hver. Innan þessara samtaka starfa þekktir glæpamenn.

Evrópulögreglan, Europol, skýrir þessa áherslu á útpenslu til austurs í Evrópu á þann veg að hér sé um skýra stefnu að ræða sem hafi það markmið að stækka „athafnasvæði“ samtakanna og styrkja stöðu þeirra á vettvangi skipulagðrar glæpastarfsemi t.a.m. með því að auðvelda aðgengi að fíkniefnum og vopnum. Þá sé tilgangurinn einnig sá að treysta stöðu vélhjólagergjanna með tilliti til mikilvægra smygilleiða innan Evrópu. „Útrás til austurs“ gefi samtökum þessum einnig færi á að koma sér fyrir í ríkjum þar sem geta stjórnsvalda til viðbragða er af ýmsum sökum takmörkuð. Tilgangurinn sé nú sem fyrr sá að stunda peningabætti og aðrar birtingarmyndir skipulagðrar glæpastarfsemi án teljandi afskipta og áhættu.

Mikil og hröð fjölgun útlagagengja í Evrópu skapar hættu á átökum um markaði og völd. Sú hættu er talin fara vaxandi.

Vélhjólagergi á Íslandi

Íslenska lögreglan hefur lagt þunga áherslu á að berjast gegn þessari birtingarmynd skipulagðrar glæpastarfsemi. Fylgt hefur verið stefnu sem m.a. hefur falið í sér að erlendum félögum í vélhjólagergjum á borð við Hells Angels og Outlaws hefur verið meinuð landgangur við komu sína til Íslands. Yfirvöld hafa að þessu leyti gengið lengra en almennt tíðkast enda hafa erlendir sérfræðingar og stjórnámalámennt mjög varað við afleiðingum þess að vélhjólagergi sem bendluð eru við skipulagða brotastarfsemi nái fótfestu á Íslandi. Snörp viðbrögð og stefnufesta eru þau atriði sem líklegust eru talin til að skila árangri. Sú afdráttarlausu stefna sem íslensk yfirvöld hafa fylgt á undanliðnum árum hefur vakið talsverða athygli erlendis. Þannig hefur norska lögreglan gripið til sambærilegra úrræða vegna komu íslenskra félaga í Hells Angels og Outlaws til Noregs.

Íslensk stjórnvöld synjuðu norskum vítisengli landgöngu hinn 5. febrúar 2010. Ákvörðunin var einkum reist á „opnu hættumati“ ríkislögreglustjóra. Vítisenglar kærðu þessa ákvörðun. Málið er nú til meðferðar fyrir Hæstarétti Íslands. Hæstiréttur leitaði álits EFTA-dómstólsins í máli þessu og liggur nú niðurstaða dómsins fyrir og hana má lesa [hér](#).

Góður árangur lögreglu í baráttu við þessa hópa hefur án efa orðið til þess að raska starfsemi þeirra. Innan Hells Angels hefur forystukreppu orðið vart og fyrirliggjandi upplýsingar benda til þess að umsvif klúbbsins séu minni en áður. Vera kann á hinn bóginn að hér sé um meðvitaða ákvörðun að ræða. Hells Angels hafa sætt vaxandi þrýstingi af hendi yfirvalda í fleiri ríkjum á síðustu árum.

Tilkoma Outlaws-hópa hér á landi hefur skapað aukna óvissu á þessu sviði brotastarfsemi. Reynolds erlendis frá kennir að nýjum vélhjólateggjum fylgir iðulega aukin spenna þar sem samkeppni getur harðnað og leitt til deilna, jafnvel átaka, um markaði og „athafnasvið“. Greiningardeild telur ástandið viðkvæmt í samskiptum Hells Angels og Outlaws hér á landi. Samkvæmt tiltækum upplýsingum tengjast félagar í þessum samtökum enn fíkniefnaviðskiptum, handrukkunum og fjárkúgunum. Í því efni skal vísað í fyrri skýrslur greiningardeildar. Útlagar þessir hafa sagt skilið við samfélagið og telja sig óbundna reglum þess en athygli vekur að stefnufesta margra þeirra er ekki meiri en svo að þeir telja sjálfsagt að þiggja bætur af ýmsum toga af skattgreiðendum.

Greiningardeild telur fyrirbyggjandi vísbendingar vera í þá átt að hertar aðgerðir lögreglu og aukin áhersla á að hefta brotastarfsemi félaga í vélhjólateggjum hafi skilað umtalsverðum árangri og veikt klúbba þessa á mörgum sviðum. Greiningardeild hvetur þó til þess að menn forðist að hrapa að ályktunum í þessu efni. Deildin telur ráðlegt að horfa til stöðunnar nú sem „millibilsástands“ og telur líklegt að reynt verði á næstu misserum að hleypa nýju lífi í klúbba þessa.

8. Vopnaburður og ofbeldi

Vopnaburður manna sem tengjast skipulagðri brotastarfsemi og teikn um að neysla sterkra, örvandi fíkniefna og stera fari vaxandi felur í sér ógn við öryggi borgaranna. Komi til átaka milli glæpahópa er ljóst að almenningi kann að vera hætta búin. Átök gætu brotist út á opinberum stöðum auk þess sem sú hætta er ávallt til staðar að ofbeldismenn fari mannavillt eða almenningur verði með einhverjum hætti á milli í átökum hópa.

Viðleitni manna sem tengjast þessum hópum til að komast yfir vopn veldur áhyggjum en kemur tæpast á óvart þar sem ítrekað hefur verið varað við henni. Framganga lögreglu í því skyni að sporna gegn þessari þróun og afvopna félaga í vélhjólateggjum hefur reynst árangursrík.

Þótt tæpast sé ástæða til að ætla að auknum vopnaburði í íslenskum undirheimum sé sérstaklega beint gegn lögreglu verður ekki hjá því komist að minna á fyrri varnaðarorð greiningardeildar í þessu efni. Í fyrri skýrslum deildarinnar hefur verið vakin athygli á því að til átaka hefur komið með lögreglu og félögum í erlendum glæpahópum sem starfa hér á landi. Jafnframt hefur verið

lögð áhersla á að þekktir íslenskir brotamenn hafi lýst yfir því að þeir séu tilbúnir til að beita lögreglu ofbeldi telji þeir það nauðsynlegt. Því minnir greiningardeild nú á umfangsmikla aðgerð lögreglu í októbermánuði 2012 þegar 16 manns, margir þeirra þekktir afbrotamenn og félagar í Outlaws-útlagagenginu, voru handteknir vegna rökstudds gruns um að hópur þessi hygðist ráðast inn á heimili tiltekinna lögreglumanna.

Áður hefur verið vikið að þeirri auknu hættu á „töfnislausu ofbeldi“ sem fylgir neyslu sterkra, örvandi efna og stera.

Hætta á átökum afbrotahópa telst viðvarandi. Hið sama gildir um hættu á átökum lögreglu og afbrotamanna.

9. Tölvu- og netglæpir

Með hugtakinu „tölvuglæpir“ er átt við afbrot/skipulagða glæpastarfsemi sem ýmist beinist gegn stafrænum upplýsinga- og miðlunarkerfum eða fer fram með því að nýta þau sömu kerfi. Á Norðurlöndum er iðulega talað um „IKT-kriminalitet“ (þ.e. Informasjons- og kommunikasjonsteknologi) þegar fjallað er um þess háttar brotastarfsemi auk þess sem þekkt eru hin alþjóðlegu heiti „Computer Crime“ og „Cybercrime“.

Á vettvangi Alþjóðalögreglunnar (Interpol) og Evrópulögreglunnar (Europol) er nú lögð stöðugt þyngri áhersla á baráttu gegn tölvuglæpum. Þetta helst í hendur við þróun undanliðinna ára; aukin umsvif tölvuglæpamanna fela í sér mikla áskorun fyrir lögreglulið víða um heim og ekki síst á Vesturlöndum. Þeim fylgir einnig aukin þörf fyrir alþjóðlega samvinnu á sviði löggæslu líkt og áherslur Interpol og Europol eru til marks um.

Þróunin á þessu sviði afbrota er sérlega hröð; sífellt koma fram nýjar og iðulega háþróaðar aðferðir til að fremja tölvu- og netglæpi. Hugviti manna á þessu sviði eru litlar skorður settar. Almenn skortir upplýsingar um umfang tölvu- og netglæpa og kann þar að ráða einhverju hversu gríðarlega stórt mengi þessarar starfsemi er; að henni koma skipulagðir glæpahópar sem ráða yfir mikilli sérfræðiþekkingu sem og kornungir áhugamenn sem gera tölvuárásir úr svefnherbergjum sínum eða frá kaffihúsum. „Brotavettvangurinn“ er því fjölskrúðugur ekki síður en sjálft viðfang starfseminnar.

Tölvu- og netglæpir eru það birtingarform skipulagðrar glæpastarfsemi sem líklegast er að beinist gegn almenningi á Íslandi. Þá er átt við tilraunir til fjársvika um netið sem birtast t.a.m. í formi svonefndra „Nígeríu-bréfa“ og tilraunir erlendra aðila til að brjótast inn í tölvur og bankareikninga. Ennfremur geta tölvuþrjótar með innbrotum í tölvukerfi komist yfir viðkvæmar upplýsingar sem hugsanlega má nota gegn einstaklingum eða fyrirtækjum og varðað geta mikla hagsmuni. Þá birtist þessi starfsemi almenningi þegar fjölmiðlar skýra frá því að barnaklám hafi fundist í tölvum Íslendinga líkt og iðulega hefur gerst á undanliðnum árum.

Þekkt er að hingað til lands hringi aðilar erlendis frá og kynni sig sem starfsmenn alþjóðlegra tölvufyrirtækja. Tilgangurinn er jafnan sá að ginna viðtakandann til að hleypta glæpamanninum inn í tölvu sína í því skyni að komast þannig yfir lykilorð viðkomandi t.a.m. að bankareikningum auk þess sem glæpamaðurinn getur með þessu náð stjórn á tölvu þess sem fyrir afbrotinu verður. Slíkt skapar færi á margvíslegum afbrotum, oftar en ekki fjársvikum.

Íslenska lögreglan hefur ítrekað varað við svonefndum „Nígeríu-bréfum“ sem öll eiga það sameiginlegt að blekkja viðtakandann í því skyni að hafa af honum fé. Ímyndunarafli þeirra sem að þeim bréfasendingum standa eru engin takmörk sett.

Barnaklám er sú birtingarmynd skipulagðrar glæpastarfsemi sem mest viðbrögð vekur í samfélaginu. Barnanið vekur viðbjóð og óhug og enginn efi er á því að vilji almennings er sá að barátta gegn slíkri starfsemi njóti forgangs hjá lögreglu.

Sala og dreifing á slíku myndefni er iðulega þaulskipulögð, alþjóðleg starfsemi sem fram fer um netið. Til marks um það má hafa að um leið og vefsíður eru „teknar niður“ eða „stöðvaðar“ í gegnum síur birtast þær hinar sömu síður á nýjum vefmiðlurum. Skipulagið er hið sama sem og greiðsluformið. Ekki leikur vafi á því að sömu einstaklingar/hópar standa þar að baki og að þessi afbrot flokkast undir skipulagða glæpastarfsemi. Hvað greiðsluform varðar er vert að benda á að þróunin er í þá átt að greiðslukort séu óþörf – sífellt fleiri möguleikar eru í boði hvað greiðslur varðar. Á alþjóðavettvangi ganga sérfræðingar að því sem vísu að þessi starfsemi gefi af sér miklar tekjur. Rannsóknir á fjölda IP-talna sem „heimsótt“ hafa þekkt vefsetur sem miðla barnaniði gefa það til kynna.

Auk þeirra birtingarmynda tölvu- og netglæpa sem hér hefur verið fjallað um veitir tölvutæknin færi á margs konar annarri afbrotastarfsemi. Þessari tækni er beitt við sölu og dreifingu fíkniefna; netið er að auki nýtt til hótana og fjárkúgana, fjársvika og peningaþvættis, greiðslukorta-þjófnaða og annars konar þjófnaða á persónuupplýsingum, sölu á þýfi, leit að „burðardýrum“ fyrir fíkniefni og mögulegum fórnarlömbum með tilliti til mansals. Um netið er unnt að stela hugverkum, verðmætum upplýsingum, hönnun og teikningum, halda uppi iðnaðarnjósnum og síðast en ekki síst geta glæpamenn og –hópar nýtt þessa tækni til að auðvelda samstarf sitt og samskipti.

Netið má nýta til árása á tölvukerfi fyrirtækja og stofnana í því skyni að lama starfsemi þeirra. Svonefndir „hakkarar“ geta valdið miklum usla með innbrotum í tölvukerfi eða beinum árásum gegn þeim. Ljóst er að slíkar árásir gætu talist til hryðjuverka yrðu tölvukerfi sem lúta að mikilvægustu innviðum og stoðkerfum samfélagsins t.a.m. raforkumiðlun gerð óstarfhæf.

Umfang tölvuglæpa á Vesturlöndum er um flest óþekkt þótt þess hafi verið freistað að leggja mat á þann fjárhagslega skaða sem þeir valda. Þar er um stjarnfræðilegar fjárhæðir að ræða. Ljóst er að illgerlegt er að leggja heildstætt mat á það tjón þar sem birtingarmyndirnar eru fjölmargar og falla t.a.m. undir kostnað sem fyrirtæki bera í formi búnaðar og mannafla til að koma í veg fyrir innbrot í tölvukerfi og fjársvik af öllum toga. Í skýrslu Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2013 sem nefnist „Comprehensive Study on Cybercrime“ kemur fram að vera kunni að allt að 80% tölvuglæpa séu ekki kærð til lögreglu.

Fyrirliggjandi upplýsingar erlendis frá benda til þess að kostnaður fyrirtækja og hins opinbera vegna tölvuglæpa fari hratt vaxandi. Þann kostnað ber að lokum almenningur á einn veg eða annan. Má því fullyrða að samfélagið allt verði fyrir gríðarmiklum fjárhagsskaða sökum þessarar starfsemi.

Bankar og fjármálafyrirtæki, á Íslandi sem annars staðar á Vesturlöndum, leggja aukna áherslu á öryggi þeirrar netþjónustu sem haldið er uppi. Samkvæmt þeim heimildum sem greiningardeild eru tiltækar færast tap banka og annarra fjármálafyrirtækja vegna tölvuglæpa í vöxt í nágrannaríkjunum.

Almennt má ganga að því sem vísu að umfang tölvu- og netglæpa aukist í fyrirsjáanlegri framtíð á Íslandi sem annars staðar á Vesturlöndum. Notkun á stafrænni samskiptatækni fer stöðugt

vaxandi. Sífelld fleiri sækja sér fjármálaþjónustu um internetið og sífelld fjölga þeim formum verslunar og viðskipta sem nálgast má með þeim hætti. Mikill fjöldi fólks býr yfir þeirri þekkingu sem nauðsynleg er til að nýta net og tölvutækni í glæpsamlegum tilgangi. Áhættan telst almennt og yfirleitt ekki mikil.

Vísað skal til þess sem sagði í upphafi þessa kafla um þá aukna áherslu sem löggæslustofnanir á borð við Interpol og Europol leggja nú á varnir gegn og viðbrögð við tölvuglæpum. Þess er að vænta að aukin áhersla verði lögð á alþjóðlegt samstarf og samræmingu á þessu sviði löggæslunnar. Jafnframt þykir greiningardeild líklegt að í auknum mæli verði horft til hertra refsinga vegna afbrota af þessu tagi. Vaxandi fjárhagslegt tjón sem rekja má til tölvuglæpa mun skila sér í kröfum um aukna löggæslu og hert viðurlög. Í fyrirnefndri skýrslu Sameinuðu þjóðanna, „Comprehensive Study on Cybercrime“, kemur fram að í yfirgnæfandi fjölda tilvika eru það einstaklingar eða fyrirtæki sem vekja athygli lögreglu á tölvuglæpum með kærnum eða ábendingum. Í því ljósi liggur fyrir að viðbrögð lögreglu við auknum umsvifum tölvuglæpamanna þurfa ekki síst að felast í viðleitni til að vekja almenning og stjórnendur fyrirtækja til vitundar um þessa birtingarmynd skipulagðrar glæpastarfsemi.

10. Hryðjuverkaógn á Íslandi

Eitt af hlutverkum greiningardeildar ríkislögreglustjóra er að vinna stefnumiðaða greiningu (e. „strategic analysis“) varðandi ógn af hryðjuverkum til lengri tíma. Mat þetta ber að vinna á víðtækum grunni sem taki mið af þróun mála hérlandis og erlendis. Matið einskorðast ekki við hryðjuverkatilræði. Það tekur einnig til annarrar hryðjuverkastarfsemi svo sem fjármögnunar og skipulagningar hryðjuverka erlendis.

Niðurstaða ógnarmats er að hættustigið í júlímánuði 2013 er metið lágt. Mat þetta byggist á því að ekki eru fyrirbyggjandi ákveðnar upplýsingar af neinu tagi um að verið sé að skipuleggja eða undirbúa hryðjuverkaaðgerðir gegn skotmörkum eða viðburðum hérlandis.

Við hættumat vegna hugsanlegra aðgerða hryðjuverkamanna á Íslandi ber að taka fram að lögreglan býr ekki yfir sambærilegum forvirkum rannsóknarheimildum innan þessa málaflokks og

tíðkast á Norðurlöndunum. Möguleikar lögreglunnar á Íslandi til þess að fyrirbyggja hryðjuverk eru því ekki þeir sömu og á hinum Norðurlöndunum. Þessu fylgir einnig að íslenska lögreglan hefur takmarkaðar upplýsingar um mögulega ógn eða hættulega einstaklinga sem kunna að fremja hryðjuverk. Það hefur ennfremur þær afleiðingar að óvissuþátturinn í áhættugreiningum varðandi málaflokkinn er meiri en hjá nágrannþjóðum okkar.

Niðurstaða mats

- Hættustigið í júlímánuði 2013 er metið lágt. Mat þetta byggist m.a. á því að ekki eru fyrirbyggjandi ákveðnar upplýsingar um að verið sé að skipuleggja eða undirbúa hryðjuverkaaðgerðir gegn skotmörkum eða viðburðum hérlandis.
- Í alþjóðlegu samhengi hefur aukin óvissa vegna hryðjuverkaógnar einkennt hættumyndina. Stríðsátök í Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum auk mikilla pólitískra og samfélagslegra breytinga í þeim heimshluta hafa aukið möguleika hryðjuverkasamtaka til að breiða út starfsemi sína og nálgast fjármagn og vopn.
- Einstaklingum frá Vesturlöndum sem dvelja á svæðum stríðsátaka til lengri tíma fer fjölgandi. Þetta á einnig við um einstaklinga frá Norðurlöndunum. Dvöl á slíkum svæðum getur leitt til að einstaklingar komist í kynni við öfgasinnaða hugmyndafræði. Aukin hætta er á starfsemi sem tengist hryðjuverkum þegar slíkir einstaklingar snúa til síns heima.
- Undirliggjandi áhættuþættir varðandi hryðjuverkaógn geta breyst með skömmum fyrirvara. Þeir áhættuþættir kunna að breyta ógnarmatinu á Íslandi.
- Hætta vegna hryðjuverka hefur aukist á Norðurlöndum undanfarin ár í samræmi við aukna hryðjuverkaógn í Evrópu.

- Hryðjuverk í Svíþjóð og Danmörku á undanförunum árum sýna mikilvægi þess að fylgst sé með svokölluðum „hryðjuverkaferðalögum“ en þá er átt við ferðir einstaklinga eða hópa til útlanda í því skyni að ganga til liðs við hryðjuverkasmök og fá þar þjálfun.
- Norðurlöndin beina sjónum sínum að Sýrlandi sem hugsanlegum áfangastað „hryðjuverkaferðamanna“ en einnig að Pakistan, Afganistan, Jemen og Sómalíu.

Vástig

Ógnarmat byggir á fyrirbyggjandi áhættumati vegna ógnar, sem talin er vera vegna hættu af mannavöldum og er til samræmis við stigskiptingu vástiga, sem segja fyrir um umfang viðbúnaðar lögreglu.

Hættustig er lágt: Ekki eru fyrirbyggjandi sérstakar upplýsingar um hættu á hryðjuverkum né er almennt talin sérstök ástæða til að auka viðbúnað lögreglu.

Hættustig er í meðallagi: Almennt er talið að ekki sé hægt að útiloka hættu á hryðjuverkum vegna ástands innanlands eða í heimsálum.

Hættustig er hátt: Talið er að hætta á hryðjuverkum geti verið fyrir hendi í ljósi ástands innanlands eða í heimsálum.

Hættustig er hæst: Upplýsingar eru fyrirbyggjandi um að hryðjuverk sé í undirbúningi eða talin er mikil hætta á því.

Almennt

Hryðjuverkaógnin er hnattræn og viðvarandi. Um mögulega hryðjuverkaógn á Íslandi gildir almennt að jafn fráleitt er að gera mikið úr henni og að hafna með öllu.

Hættan á aðgerðum hryðjuverkamanna gegn ákveðnum skotmörkum eða viðburðum á Íslandi hefur verið metin frekar lítil í gegnum tíðina m.a. vegna þess að engar fyrirbyggjandi upplýsingar eru til staðar um yfirvofandi hryðjuverk eða hryðjuverkastarfsemi.

Lögreglan á Íslandi hefur ekki sambærileg, fyrirbyggjandi lagaleg úrræði og hinar Norðurlandapjóðirnar til að takast á við og rannsaka hryðjuverkaógn og afla upplýsinga um mögulega hryðjuverkastarfsemi. Skortur á upplýsingum ásamt ófullnægjandi lagalegum úrræðum gerir mat á hryðjuverkaógninni á Íslandi ónákvæmt sem felur í sér aukna áhættu.

Fyrir nokkrum árum var hættan á hryðjuverkum á Norðurlöndum almennt metin lítil. Í samræmi við það var hættustigið á Íslandi talið lágt og sambærilegt við það hættustig sem gildi á öðrum Norðurlöndum. Nú hefur ógn vegna hryðjuverka á Norðurlöndum aukist og ógnarmyndin er orðin óstöðugri en áður.

Ef leggja á mat á getu til að fremja hryðjuverk á Íslandi telur greiningardeild að eggvopn, skotvopn svo sem haglabýssur eða rifflar og heimatilbúnaðsprengjur séu þau vopn sem líklegast yrðu notuð. Greiningardeild telur að geta til að fremja og skipuleggja flókin hryðjuverk sem krefjast mikils undirbúnings og samstarfs margra aðila hér á landi sé takmörkuð og að ekki sé fyrir hendi geta til að framkvæma hryðjuverk með notkun gereyðingarvopna þ.e. efna-, sýkla-, geisla- og kjarnorkuvopna á Íslandi.

Á Íslandi sem annars staðar er sá möguleiki fyrir hendi að einstaklingar fyllist þvílíku hatri á samfélaginu eða tilteknum hópum innan þess að þeir reynist tilbúnir til að fremja óhæfuverk í nafni tiltekinnar hugmyndafræði eða trúarbragða. Vitað er að oft er í slíkum tilvikum um að ræða einstaklinga sem gengið hafa í gegnum ákveðið „ferli“ (gjarnan nefnt „radicalization“ á ensku) og að internetið er nýtt til að ná til þeirra og koma á framfæri við þá hatursáróðri. Þessi hættu er augljóslega til staðar óháð því hvar viðkomandi er staddur í heiminum.

Þá er að nefna þann möguleika að einstaklingur gerist sekur um voðaverk án þess þó að það sé unnið af pólitískum hvötum eða í nafni tiltekinnar hugmyndafræði sem gjarnan er eitt skilgreiningaratriði um hryðjuverk. Ljóst er að hættu á slíkum verknuðum er jafnan til staðar.

Líkt og nefnt var í 9. kafla skýrslunnar gætu stórtækar tölvuárásir gegn mikilvægustu innviðum og stofnkerfum samfélagsins talist til hryðjuverka þar sem líklegt er að þær yrðu gerðar af pólitískum hvötum og myndu valda miklum usla, jafnvel manntjóni.

Sem fullgildir þátttakendur í alþjóðasamfélaginu hafa íslensk stjórnvöld undirgengist fjölmargar skuldbindingar á vettvangi hryðjuverkavarna og -viðbúnaðar. Þetta fylgir m.a. aðild að Sameinuðu þjóðunum og Evrópuráðinu auk samstarfs við Evrópulögregluna (Europol) og aðrar sambærilegar löggæslustofnanir.

Á vettvangi Evrópusambandsins (ESB) er þung áhersla lögð á samvinnu aðildarríkjanna á sviði hryðjuverkavarna og kröfur eru skilyrðislausar og skýrar. Þess er m.a. krafist að aðildarríki sé ávallt viðbúið að veita aðstoð á þessu sviði sé fram á hana farið.

Hryðjuverkaógn á Norðurlöndum

Skopmyndamálið í Danmörku árið 2005 og síðar endurbirting myndanna árið 2008 auk þátttöku Norðurlandanna í aðgerðum NATO hefur gert Norðurlöndin og þá sérstaklega Danmörku að skilgreindu skotmarki alþjóðlegra hryðjuverkasamtaka íslamista.

Í nóvember 2010 breyttist ógnarmat Danmerkur og talin var alvarleg og ákveðin hættu á hryðjuverkum þar í landi. Vástigið í Svíþjóð var einnig hækkað. Danska og sænska lögreglan kom í veg fyrir fjöldamorð hryðjuverkamanna á starfsfólki Jótlandspóstisins í Danmörku í lok desember 2010.

Síðla árs 2010 var hættustig hækkað í Danmörku og Svíþjóð í kjölfar hryðjuverka og áforma um hryðjuverk í þessum tveimur löndum.

Í júlímánuði 2011 var framið hryðjuverk í Noregi þar sem 77 manns létu lífið og yfir 300 særðust. Norskur maður, Anders Behring Breivik, var þar að verki. Talið er að hryðjuverkin í Noregi svo og önnur hryðjuverk sem hljóta mikla umfjöllun fjölmiðla geti haft áhrif á einstaklinga og hópa

sem aðhyllast öfgasinnaða hugmyndafræði og hafa getu og þekkingu til að hrinda slíkum óhæfuverkum í framkvæmd. Mál af þessum toga hafa komið upp í Evrópu svo sem í Póllandi og Tékklandi þar sem einstaklingar hafa undirbúið hryðjuverk í anda Breivík svokölluð „copycat hryðjuverk“ eða „hermi-hryðjuverk“.

Í kjölfar ódæðisverka Breivík í Noregi hefur orðið viðhorfsbreyting gagnvart möguleikanum á hryðjuverkum á Norðurlöndum. Nú er í auknum mæli horft til einstaklinga fremur en ákveðinna hópa þegar hryðjuverkaógn er metin.

Áhættugreining

Á Íslandi kom upp mál snemma árs 2012 þar sem einstaklingur var með heimatilbúna sprengju sem sprakk við Stjórnarráðshúsið í Reykjavík. Til mikillar mildi slasaðist enginn. Gerandinn lýsti síðar í blaðaviðtali að hann hefði ætlað að sprengja sprengjuna við heimili Jóhönnu Sigurðardóttur, þáverandi forsætisráðherra.

Á undanförunum árum hefur greiningardeild ríkislögreglustjóra ítrekað bent á þá hættu sem kann að stafa af öfgasinnuðum einstaklingum sem af einhverjum ástæðum bera haturshug til samfélagsins og stjórnvalda á hverjum tíma.

Sökum skorts á rannsóknarheimildum og takmarkaðs mannafla eru möguleikar lögreglunnar á Íslandi til þess að fyrirbyggja hryðjuverk ekki þeir sömu og á hinum Norðurlöndunum. Þessu fylgir einnig að íslenska lögreglan hefur mun takmarkaðri upplýsingar um mögulega ógn eða hættulega einstaklinga sem kunna að fremja hryðjuverk. Eðli málsins samkvæmt hefur þessi skipan mála áhrif þegar þess er freistað að leggja mat á mögulega hryðjuverkaógn hér á landi.

Upplýsingar um samtök og/eða öfgafulla og hættulega einstaklinga, sem kunna að skipuleggja hryðjuverk, þurfa að berast innan úr samfélaginu eða lögreglan að afla þeirra með öðrum lögmætum hætti.

Ástæða er til að óttast að slíkar upplýsingar berist ekki lögreglu og henni verði ekki unnt að afla þeirra með öðrum hætti.

Aukin alþjóðleg hryðjuverkastarfsemi og greiðari för fólks milli landa hefur í för með sér aukna hættu á að hérlandis verði framin hryðjuverk eða fram fari undirbúningur hryðjuverkaárása í öðrum löndum.

Í ár er búist við að um Keflavíkurflugvöll fari um 2,6 milljónir farþega. Í Bretlandi og Bandaríkjunum er hryðjuverkaógnin talin vera viðvarandi en bæði íslensk og erlend flugfélög halda uppi reglulegu áætlunarflugi þangað. Umfang í flugi til Bandaríkjanna þegar mest er yfir sumartímam er 61 brottför á viku og til Bretlands 42 brottfarir. Mikið álag er einnig í höfnum landsins þar sem fjöldi skemmtiferðaskipa hefur aukist jafnt og þétt frá aldamótum. Á liðnu ári komu um 92 þúsund farþegar með skemmtiferðaskipum til landsins.

Aukinn fjöldi ferðamanna, skortur á fjármagni til lögreglunnar, skortur á tækjabúnaði, mannafla og þjálfun eru allt þættir sem ekki eru til þess fallnir að styrkja hryðjuverkavarnir á Íslandi.

Ísland og íslenskir hagsmunir gætu orðið fyrir alvarlegum skaða ef hérlandis færi fram undirbúningur að hryðjuverki í öðru landi eða rekja mætti árásir til þess að íslensk stjórnvöld hefðu ekki sinnt alþjóðlegum skuldbindingum um aðgerðir gegn hryðjuverkastarfsemi. Ógn af hryðjuverkastarfsemi felur einnig í sér að einstaklingar eða hópar styðji hryðjuverkastarfsemi erlendis með fjáröflun, úvegum ferðaskilríkja o.fl.

Í Áhættumatsskýrslu fyrir Ísland: Hnattnæir, samfélagslegir og hernaðarlegir þættir sem þverfaglegur hópur tók saman (útg. utanríkisráðuneytið, mars 2009) er vikið að alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga og mögulegum áhættuþáttum. Þar segir: „Ísland virðist ekki ofarlega á dagskrá hryðjuverkasamtaka. Hins vegar kynnu hryðjuverkamenn að nota landið sem griðastað. Einnig þarf að hafa í huga að aðeins þarf lítinn hóp öfgamanna til að valda miklum skaða. Af áhættuþáttum má nefna þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi; hryðjuverkamenn kynnu t.d. að beina sjónum að Íslandi vegna þátttökkunnar í NATO eða vegna tengsla íslenskra stjórnvalda við þjóðarleiðtoga og erlend fyrirtæki. Sendifulltrúar sumra erlendra ríkja á Íslandi eða alþjóðlegir fundir eða ráðstefnur kunna einnig að draga að sér athygli þeirra,“ (bls. 74).

Í skýrslunni er enn fremur vikið að þeim möguleika að hryðjuverkamenn telji að hér á landi sé að finna veikleika í hryðjuverkavörnum vestrænna ríkja. Í skýrslunni segir: „Jafnvel þótt ríki á borð við Ísland teljist fremur ólíklegt skotmark og hér sé ekki frjór jarðvegur fyrir öfgasamtök kunna hryðjuverkamenn að leita hér að veikleika í öryggisviðbúnaði vestrænna ríkja. Þetta á ekki aðeins við um aðgerðir sem beinast að stofnunum eða starfsemi hér innanlands eða á nálægum hafsvæðum heldur einnig um undirbúning að hryðjuverkum í öðrum ríkjum vestan hafs eða austan,“ (bls.77).

Tekið skal undir þá niðurstöðu skýrsluhöfunda að hryðjuverkamenn kunni að beina sjónum sínum að Íslandi og telja færi á að ráðast gegn vestrænum hagsmunum hér á landi. Þetta á m.a. við um starfsemi sendiráða og þá staðreynd að liðsafli á vegum Atlantshafsbandalagsins (NATO) heldur reglulega uppi loftrýmisgæslu hér á landi.

Ógnin af hryðjuverkum frá öfgasinnuðum íslamistum¹ er meiri í öðrum löndum Evrópu en á Íslandi. Hins vegar hafa aðgerðir öfgasinnaðra íslamista og aukin hryðjuverkaógn í Evrópu og ekki síst á Norðurlöndum áhrif á þá ógn sem stafar af hryðjuverkum á Íslandi og á íslenskra hagsmuni erlendis. Þetta á t.a.m. við um ríki þar sem að íslensk sendiráð eru undir sama þaki og sendiráð hinna Norðurlandanna.

Þá hafa komið upp tilfelli hótana erlendis þar sem Ísland eða íslenskir hagsmunir eru taldir upp með öðrum ríkjum í tengslum við mögulega hryðjuverkaógn.

Hér skal tekið fram að flestir múslímar eru ekki íslamistar² og flestir íslamistar eru andvígir beitingu ofbeldis til þess að ná fram pólitískum markmiðum. Öfgasinnaðir íslamistar eru með öðrum orðum lítill minnihlutahópur í flestum Evrópuríkjum.

Talið er að rúmlega 500 Evrópumenn berjist með uppreisnarmönnum í Sýrlandi. Upplýsingaþjónustur í Evrópu hafa lýst yfir áhyggjum að einhverjir þessara einstaklinga gætu gengið í lið með hópum sem tengjast Al Qaída og gætu síðar snúið til Evrópu og framið hryðjuverk

¹ Hér er átt við íslamska ofsatrúarmenn sem telja beitingu ofbeldis réttmæta í þeim tilgangi að knýja fram pólitísk/trúarleg markmið.

² Orðið „íslamisti“ vísar til heittrúarmanns sem fylgir bókstafstúlkun á kennisetningum Kóransins.

þar. Flestir þeirra Evrópubúa sem berjast í Sýrlandi eru frá Hollandi, Englandi, Frakklandi og Írlandi en einnig eru dæmi um einstaklinga frá Norðurlöndunum. Holland hefur hækkað varúðarstigið varðandi hugsanleg hryðjuverk úr *takmarkaðri ógn* í *verulega ógn* sem er næstahæsta vástig vegna hryðjuverkaógnar. Ástæða þess er sá fjöldi Hollendinga sem farið hefur til Sýrlands til að berjast með uppreisnarmönnum. En einnig ástand mála í Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum þar sem hryðjuverkahópar virðast hafa meira rými til athafna og greiðari aðgang að vopnum en fyrir nokkrum árum.